



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Vesturborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat sérkennslu.....	11
5 Innra mat – fjöltyngd börn	12
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
8 Foreldrasamvinna.....	16
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
10 Fylgigögn.....	16
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	16



Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2020-2021 hefur einkennst af sama ástandi og ríkti síðast liðinn vetur, af viðbúnaði vegna Covid-19 faraldursins. Breytingin hefur því verið lítil nema frá október 2020 – apríl 2021 þegar starfsmannahópnum var hólfaskipt sem þýðir að hver deild var með sína kaffistofu og hitti ekki aðra hópa. Þá fór líka að reyna mikið á starfsmannahópinn og á starfsánægju.

Breyting varð í stjórnandahópnum þegar aðstoðarleikskólastjórinn fór í fæðingarorlof og leystum við það með góðum og samstilltum stjórnandahópi sem eru deildastjórar og sérkennslustjóri.

Í apríl varð aftur breyting í hópnum þegar deildarstjóri, sem hefur unnið á Vesturborg sl. 6 ár, flutti í annað hverfi og fór að vinna á öðrum leikskóla. Var það mikill missir en maður kemur í manns stað og í lok apríl tók annar frábær deildarstjóri við keflinu á Miðbæ. Aðstoðarleikskólastjórinn er komin til baka til starfa.

Aðrar breytingar eru þær að nokkrir starfsmenn hafa hafið nám í leikskólakennarafræðum og aðrir komið í staðinn.

Núna eru bjartari tímar og við náðum að eiga góða starfsdaga og fengum góða fyrirlesara sem töluðu um jákvæðni og vinnugleði. Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir talaði um Lífsgleði og vellíðan sem var mjög gott svona í byrjun á nýju ári.

Ingrid Kulman kom til okkar og fjallaði um starfsánægju og starfsanda, þar sem megin skilaboðin voru að hver er sinnar gæfu smiður. Leiðarspurningin hjá henni var: „Er gaman í vinnunni?“ Þetta var mjög góður fyrirlestur og hitti algjörlega í mark.

Þar sem leikskólinn er með stórt hlutfall af börnum af erlendum uppruna fengum við Sögu Stephensen til að ræða þætti sem felast í fjölmenningarlegu leikskólastarfi. Það er nýr veruleiki og krefjandi fyrir okkur að þurfa að takast á við verkefni tengd fjölmenningu, en þeim mun mikilvægara að vel takist til um skólun yngstu barnanna sem koma frá heimi þar sem ríkja önnur gildi og aðrar venjur. Við leggjum okkur fram um að eiga góð samskipti við foreldra barna af erlendum uppruna og að þar ríki gagnkvæmt traust og virðing.

Það sem snýr að haustinu þá kemur þá er margt áhugavert sem við ætlum að taka fyrir félagsfærni, læsi og sköpun. Sjá nánar í starfsáætluninni.

Ráðgert var að fara í námsferð á þessu ári, en hún féll niður og verður farin 2022. Það er ekki endanlega komin ferðaáætlun nema hún verður apríl – maí ef Covid-19 leyfir.

Íris Arnardóttir

leikskólastjóri Vesturborgar.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat - Norðurbær, Miðbær og Suðurbær

Veturinn 2020-21 var krefjandi með nýjum og gömlum áskorunum. Breytingar í starfsmannahópnum höfðu mikil áhrif á starfsemi deildanna. Foreldraviðtöl voru bara einu sinni í gegnum tölvu eða síma, í staðinn fyrir tvisvar og vöntun var á deildarfundum og stjórafundum. Hólfaskiptingin í október til apríl hafði mikil áhrif á starfið þar sem starfsfólk og börn gátu ekki farið á milli deilda og fastir liðir dattu niður. Skapandi föstudagar, tónlistarkennsla, söngur í salnum, foreldrakaffi og flæði voru allt liðir sem brutu upp starfið en gengu ekki í hólfaskiptingu. Þrátt fyrir það fundum við leiðir til að skapa gleði og ánægju inn á deildum.

Á Norðurbær tók aðlögunin mun lengri tíma, nær allt haustið fór í að aðlaga og taka á móti nýjum börnum. Flestir foreldrar af erlendum uppruna fengu viðtal með túlk strax í byrjun til að kynna og útskýra starfið sem reyndist vel. Lögðum mikið upp úr skapandi starfi þar sem ferlið skipti meira máli en útkoman.

Á Miðbæ tók aðlögun einnig langan tíma. Barnahópurinn var tiltölulega krefjandi og vantaði sumum fastan stuðning sem tók tíma að fá. Mikil áhersla á skapandi starf og málörvun í gegnum tónlist.

Á Suðurbæ var áherslan á sjálfbært skapandi starf, tilfinningar og sjálfið. Þar var haldin gluggasýning á verkum barnanna þar sem foreldrar fengu ekki að fara inn á deild. TMT innleiðingin gekk vel og bæði börn og starfsfólk sýndu því mikinn áhuga.

Nú eru bjartari tímar fram undan og þrátt fyrir margar áskoranir þennan vetur var margt sem gekk vel og starfsmanna andinn hefur batnað með vorinu.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Menntastefnan Félagfærni	Framganga verkefnis var rædd á deildarfundum yfir veturinn.	Allt starfsfólk	<i>Styrkleikar:</i> Mikill áhugi á því að halda áfram verkefninu. Starfsfólk telur þetta hjálpa og sé einnig góð áminning fyrir í sambandi við samskipti sín við börnin. Kennarar duglegri að nota <i>Gefðu 10</i> og fylgjast með stöðu barnanna í hópnum. <i>Veikleikar:</i> Það var ekki eins oft farið yfir þetta og áður vegna Covid-19 og álags sem fylgdi því og einnig skorts á deildarfundum. Mætti kynna verkefnið betur á haustfundi en það gekk ekki í ár.



<p>Menntastefnan</p> <p>Læsi</p> <p>TMT</p>	Hver deild skráði niður hvernig gekk á deildarfundi að vori.	Allt starfsfólk	<p><i>Styrkleikar:</i></p> <p>Innleiðing gekk vel á elstu deild en þurfti eftirfylgni. Allt TMT efnið sem hægt er að nýta er tilbúið.</p> <p><i>Veikleikar:</i></p> <p>Innleiðing gekk ekki vel á hinum tveimur deildunum og datt innleiðingin svolítið niður og starfsfólk óöruggt.</p> <p>Ekki gekk að hafa kynningu á efninu um haustið.</p>
Matartíminn	Metið á stjórnendafundi. Deildarstjórar fóru yfir stöðu á sinni deild.	Deildarstjórar	<p><i>Styrkleikar:</i></p> <p>Starfsfólk ánægt með þetta skipulag á matartímunum og málörvun í matartíma gekk vel á elstu og yngstu deild.</p> <p><i>Veikleikar:</i></p> <p>þarf að gera starfsfólk meðvitaðra um hlutverk sitt í matartíma, skerpa á reglum og að allir vinni að sömu markmiðum.</p>
Skilafundur milli deilda þannig að nemendum sé skilað formlega og upplýsingar skili sér örugglega á milli.	Rætt á deildarfundum.	Allt starfsfólk.	<p><i>Styrkleikar</i></p> <p>Áhugi fyrir að prófa þetta núna í ár.</p> <p><i>Veikleikar:</i></p> <p>Gekk ekki að hafa skilafundi vegna Covid-19.</p>

Innra mat – stjórnun

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Auglýsa betur þegar ytra mat hjá starfsmönnum er gert og fylgja því eftir að könnunum sé svarað	Starfsmanna könnunin skoðuð og fjöldi þátttakenda skoðaður.	47,6 % af starfsmönnum eða 10 manns.	Markmiðið náðist ekki. Þar sem stefnan var að 80% starfsfólks tæki þátt en einungis 47,6% starfsfólks tók þátt.



Að auka jákvæðni og gleði í starfinu	Netkönnun fyrir alla starfsmenn	Allir starfsmenn	<p><i>Styrkleikar:</i></p> <p>Tvö námskeið á starfsdögum voru tileinkuð því að auka gleði og jákvæðni í starfinu og hafði fyrirlestur Ingrid Kuhlman sérstaklega góð áhrif að mati starfsmanna.</p> <p><i>Veikleikar:</i></p> <p>Hugmyndakassi komst aldrei í gagnið.</p>

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Netkönnun fyrir alla starfsmenn, framkvæmd af SFS.	10 starfsmenn tóku þátt í matinu og var svarhlutfallið 47,6%	<p><i>Styrkleikar:</i></p> <p>Í könnuninni kom fram að sveigjanleiki í starfi hefði aukist og einnig mat starfsfólks tilgang hærra.</p> <p><i>Veikleikar:</i></p> <p>Flest lækkaði örlítið í könnuninni og það sem þarf sérstaklega að bæta er fræðsla og þjálfun, móttaka nýliða, starfsmannasamtöl og vinnuálag. Fram kom í könnuninni að einn af svarendum hafði orðið fyrir einelti, tveir höfðu orðið fyrir áreitni og starfsfólk sem hafði orðið vitni af fordómum voru 5 eða 50%. Fordómar höfðu því aukist úr 0% frá fyrra ári upp í 50%.</p>
Foreldrakönnun	Netkönnun fyrir alla foreldra	44 foreldrar	<p><i>Styrkleikar:</i></p> <p>Það sem kom hæst út í könnuninni var að flestum</p>



foreldrum fannst barninu sínu líða vel í leikskólanum og hafði það hækkað örlítið frá fyrra ári. Flestir þættir voru yfir meðallagi og heildaránægja hækkaði aðeins frá fyrra ári.

Veikleikar:

Þeir þættir sem skoruðu minnst voru flestir í sambandi við þátttöku foreldra og upplýsingar frá leikskólanum. Einnig kom fram að foreldrar vilja geta fengið ráð um uppeldi eða annað sem snertir barnið í leikskólanum. Foreldrum fannst líka aðbúnaður ekki alveg nógu góður og þekktu ekki stefnu og áherslur leikskólans.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Viðhorfs- könnun	Að 80% starfsfólks taki þátt í viðhorfskönnun Rvk.	Auglýsum vel þegar könnunin er í gangi og gefum fólki tíma til að svara.	Leikskóla- stjóri	Þegar könnun -in er send út	Þegar könnun -inni er lokið	Skoða niður- stöðurnar og sjá hve hátt % starfsmanna hafa tekið þátt.	Að minnst 80% starfsfólki hafi tekið þátt.
Rafrænn hugmynda- banki fyrir foreldra	Að foreldrar geti komið á bændingum , hugmyndum og hrósi til okkar nafnlaust.	Búið til goolge docs skjal eða annað sem hentar þar sem foreldrar geta látið rödd sína heyrast.	Aðstoðar- leikskóla- stjóri	Ágúst 2021	Ágúst 2021	Metið í nóvember með því að skoða hvað hefur komið frá foreldrum. Auglýst betur ef þarf og aftur metið að vori.	Að foreldrar nýti sér þetta til þess að láta rödd sína heyrast.
Uppeldis- og menntastarf							
Menntastefnan Læsi	Að innleiða TMT inn á allar deildir	Fræðsla til starfsfólks að hausti. Eftirfylgni yfir veturinn.	Sérkennslu- stjóri ábyrgur. Allir framkvæma .	Haust 2021	Vor 2022	Stöðumat á stjórafundum fjórum sinnum yfir árið. Metið af starfsfólki á deildarfundi tvisvar yfir árið.	Að TMT sé notað á öllum deildum .
Matartíminn	Að vinna útfærslu á matar-tímum betur	Fræðsla til starfsfólks um stefnu leikskólans í	Stjórnendur ábyrgir og allir framkvæma	Haust 2021	Haust 2021	Metið af starfsfólki á deild í okt.-nóv. á	Að komin sé sátt um framkvæmd



		sambandi við matartíma. Matartími útfærður betur og ræddur á starfsdegi.				deildarfundum . Niðurstöður þessara funda kynntar á starfsdegi í nóvember og ræddar.	matartíma og þeim áherslum sem settar eru fylgt.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samskipti NÝTT	Samskipti hafa áhrif á heilsu og vellíðan. Við viljum að efla og bæta samskiptin í Vesturborg. Því meiri árangur að góðum samskiptum því betri líðan og meiri árangur í starfi. Í ljósi niðurstaða úr starfsmannakönnun er ljóst að það þarf að vinna með að skýra boðleiðir ef upp koma vandamál í hópnum.	-Búa til leiðarljós í sam-skiptum -Gera boðleiðir skýrari ef upp kemur ágreiningur eða annað í samskiptum .	Stjórnendur ábyrgir. Allir framkvæma .	Ágúst 2021	Des. 2021	Nafnlaus netkönnun að vori sem allir taka þátt í.	Að við höfum náð að bæta samskipti að mati starfsmanna og að þeim þyki boðleiðir og leiðarljós í samskiptum vera skýr.



Innra mat							
Fjölmening NÝTT	Að efla fjölmeningarstarfið í Vesturborg út frá ábendingu foreldra-ráðs. Markmiðið að vinna meira með þann mannauð sem er í Vesturborg	Að gera heima-menningu barna og starfsfólks sýnilegri og vinna meira með hana t.d. með því að allir gera kynningar-spjöld um sig.	Stjórnendur	Haust 2021	Vor 2022	Metið af foreldrum og börnum. Foreldrar meta með rafrænni könnun og börnin eru spurð inn á deild um spjöldin.	Að við höfum náð að gera heima-menningu barna og starfsfólks Sýnilegri.
Menntastefna Félagsfærni Agastefna NÝTT	Búa til agastefnu	Fáum hegðunar-ráðgjafa eða sálfræðing með okkur í vinnu til að útbúa agastefnu þar sem kveðið er á hvernig við tökum á erfiðri hegðun o.fl. Nýtist starfsfólki og jafnvel foreldrum.	Stjórnenda-teymið ber ábyrgð. Allir framkvæma .	Haust 2021	Des. 2021	Metið að vori þegar búið er að innleiða agastefnuna. Metið með umræðum á starfsdegi og jafnvel af foreldrum í netkönnun.	Að starfsfólk sé öruggara í að taka á erfiðri hegðun og viti hvað það á að gera. Samræmd vinnubrögð. Að börnunum líði vel og viti til hvers er ætlast.
Menntastefna Félagsfærni Lausnaspjöld NÝTT	Búa til lausnaspjöld sem aðstoða börnin í að leysa úr	Vinnum áfram lausnaspjöld sem við höfum notað og	Stjórnenda-teymið ber ábyrgð. Allir framkvæma .	Haust 2021	Des. 2021	Metið að vori af starfsfólki. Umræður á deildarfundum um hvernig börnunum	Að börnin nýti lausnaspjöldin til þess að leysa



	ágreiningi sínum sjálf.	útfærum þau fyrir hverja deild. Fræðsla á starfsdegi.				gengur að nýta lausnaspjöldin.	ágreining þeirra á milli.
--	-------------------------	---	--	--	--	--------------------------------	---------------------------

3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

<p>Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Skipulag sérkennslu var breytilegt eftir þörfum hvers og eins. Markmið í sérkennslu miða að því að barn geti sem best tekið þátt í daglegu starfi leikskólans og var stuðningi og þjálfun hagað til að mæta þörfum hvers barns. Það reyndist erfitt að veita öllum börnum þann stuðning sem þau hefðu þurft bæði vegna covid-19 og starfsmannamála. Í sumum tilvikum voru börn með úthlutaðan stuðning en ekki gekk að festa starfsmann í stöðuna og í öðrum hefðu börn þurft aukinn stuðning en höfðu ekki úthlutun og mönnun á deildum dugði ekki til að sinna þessum börnum umfram önnur. Skráning var að sama skapi mismunandi eftir einstaklingum. Notast var við einstaklingsnámskrár, AHA skráningu, orðaforðalista, AEPS, söfnun verkefna og teikninga, upptökur, o.fl.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Orðaskil, EFI-2, HLJÓM-2, TRAS, AEPS, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, Íslenski Málhljóðamælirinn, Málhljóðapróf ÞM, MUB + bakgrunnsspurningalistar</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>„Heimalagað“ námsefni, Orðaleikur, Orðagull, leshefti frá Skólavefnum og fleiri, efni frá Fjölbreyttum kennsluáðferðum fyrir fjöruga krakka, efni af paxel123, ýmis spil og leikir, Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin og fleira.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tæki-færi til um-bóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf við deildarstjóra	Hafa reglulega fasta fundi með deildarstjórum	Festa niður tíma reglulega þar sem deildarstjóri og sérkennslustjóri fara yfir barnahópin og stöðuna á deild. Þetta hefur ekki	Sérkennslustjóri	Ágúst 2021	Desember 2021	Skrá fundargerðir	Að gott upplýsingaflæði sé milli deilda og sérkennslustjóra, og deildarstjórinn upplifi góðan stuðning frá



		verið fast í sessi og gekk illa að viðhalda síðasta vetur vegna covid-19.					sérkennslustjóra.
Ein-staklings-námsskrár	Gera og nýta einstaklings-Náms-skrá fyrir alla nemendur sem eru með stuðnin g/ Sér-kennslu	Einstaklings-námsskrárnar hafa ekki verið fullunnar þetta skólaárið og hafa ekki nýst deildum til vinnu með barninu. Búa til sniðmát af einstaklingsnámskrám sem mun nýtast í starfi með barninu.	Sérkennslustjóri	Ágúst 2021	Des-ember 2021	Metið með því að kanna hverjir eru með einstaklingsnámskrá og safna upplýsingum frá bæði foreldrum og deildarstjórum um hvernig skjalið nýttist.	Að einstaklings-námsskráin sé skjal sem nýtist vel en sé ekki bara geymd ofan í skúffu!

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt voru spil og annað efni sem notað er í málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við vinnum með orðaforða á fjölbreyttan hátt. Við notum Gefðu 10 en hefur þurft að halda því betur við inni á deildum. Við notum einnig Tákn með tali sem hjálpar okkur að kenna börnunum grunnorðaforða. Við notum myndasafnið Orðaleik í þjálfun á daglegum orðaforða, t.d. til að fara yfir dagskipulagið og fara yfir orðaforða með börnunum. Starfsfólk nýtir tækifærin í leik og starfi til að efla orðaforða með því að leggja orð á athafnir, endurtaka oft, endurvarpa því sem barnið segir og bæta við, og gefa barninu tækifæri til að svara.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundum er skipt upp þannig að þau börn sem þurfa geti fengið gæða málörvun í minni hópum. Þetta þarf þó að festa betur í sessi á deildum. Textar laga eru gerðir myndrænir orð fyrir orð og verkefni unnin út frá lögum með því markmiði að börnin skilji lögin sem þau eru að syngja um. Í tengslum við Lubbi finnur málbein höfum við útbúið orðskýringaspjöld með orðum úr vísunum sem við skoðum með börnunum og ræðum merkingu orðanna. Kennarar grípa tækifærin til að lesa fyrir eitt (eða mjög fá) börn, sem gerir stundina að markvissari



	málörvun fyrir barnið heldur en þegar lesið er í stórum hóp.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Í foreldraviðtölum er spurt hvernig þau standa í móðurmálinu heima. Ef það eru áhyggjur af málþroska gerum við ráðstafanir. Félagsleg staða barnanna innan barnahópsins og þátttaka í leik er skráð. Út frá því eru gerðar ráðstafanir með t.d. Gefðu 10 og raða í hópa eftir félagslegum þörfum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við reynum eftir fremsta megni að huga að öllum þáttum málsins. Þegar börn eru ný í íslensku málumhverfi er sjónum fyrst beint að kennslu í grunnorðaforða. Til að styrkja tengsl milli mála og hvetja barnið til tjáningar er lyklatríði að koma á góðu samstarfi við foreldra – þá getum við til dæmis sent heim myndir og orðabækur sem barnið getur þá spjallað meira um heima. Við vinnum mikið með hljóðkerfisvitund í tengslum við Lubba-efnið. Við höfum ritmál sýnilegt og bókstafirnir fylgja alltaf með í Lubba-vinnu, og auk þess lesum við mikið og börnin hafa aðgang að bókum. Í leik og samverustundum eflist félagsleg málnotkun barnanna og við leggjum einnig áherslu á að matartímarnir séu notaleg stund þar sem við njótum samverunnar og spjöllum saman. Grundvallarþemu í starfi okkar eru einstaklingarnir sjálfir að hausti og svo menning hópsins að vori, og út frá því leggjum við áherslu á að kynnast barninu vel, þeirra áhugamálum og styrkleikum, og mótum starfið út frá því.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukið samstarf við foreldra fjöltyngdra barna	Að ná betra samstarfi við foreldra sem eiga ekki sameiginlegt tungumál með starfsfólki deildar. Þau þurfa að fá viðtöl oft, með túlki. Það þarf að spjalla saman um fjöltyngi og	Hafa foreldraviðtöl með túlki föst amk tvisvar á önn fyrir foreldra barna sem eru alveg ný í íslensku málumhverfi. Fylgja áætlun	Tengiliður fjölmenningar	Ágúst 2021	Mai 2022	Foreldrar fjöltyngdra svara spurningum	Að foreldrar upplifi gott upplýsingafl æði og samstarf við leikskóla



	fá foreldra með í lið – það skiptir sköpum í framförum barnsins.	um innlögn orðaforða og málörvun, og fá foreldrana til að taka þátt.					
Að fylgjast með og meta framfarir á markvissari hátt	Eins og er höfum við ekki verið með neitt staðlað eða samræmt mat á framförum fjöltyngdra barna á íslensku. Þau sem eru með íslensku+ann að tungumál heima hafa verið metin með sömu matstækjum og þau sem hafa bara íslenskuna; t.d. Orðaskil og EFI-2, þó niðurstöðurnar séu þá eingöngu notaðar til að bera þau saman við fyrri niðurstöður hjá sama barni (mælitölur prófa ekki gilda fyrir tvítyngd).	Finna og/eða útbúa matslista sem hægt er að nota fyrir börn sem eru ný í íslensku málumhverfi á leikskólaaldri. Bæði fyrir kennara/starfsfólki og eins fyrir foreldra til að fá upplýsingar um málfærni þeirra á öðrum málum.	Tengiliður fjölmenningar	Ágúst 2021	Apríl 2022	Skoða skráningu vetrarins	Að við fylgjumst náið með framförum hvers og eins í málfærni.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtölin voru snerpusamtöl sem tekin voru í febrúar. Samtölin voru um 20 mínútur hvert. Í samtölunum kom fram að það var komin mikil þreyta í mannskapinn út af Covid-19. Þetta ár var erfitt fyrir starfsmannahópinn.

Fræðsla sem áætluð er fyrir næsta starfsár:

- Námsferð erlendis.
- Fara á námskeið í tengslum við Erasmus+ sem tengist fagmennsku kennara.



- Fræðsla og vinna í sambandi við agastefnu Vesturborgar og lausnaspjöld.
- Námskeið um TMT.

Fræðsla 2020-2021

Námskeið/fyrirlestrar á starfsdögum 2020-2021:

- 23.10.2020 Námskeið um Lubbi finnur málbein
- 12.02.2021 Námskeið Guðbjargar Óskar Friðriksdóttur: Lífsgleði og vellíðan.
- 30.04.2021 Fyrirlestur Ingridar Kuhlman um samskipti og vellíðan
- 29.04.2021 Fyrirlestur um fjölmenningu hjá Sögu Stephensen og Miðju máls og læsis.
- 10.05.2021 Menntastefnumót.

Námsmenn:

- Nemi sem útskrifaðist með B.Ed. í leikskólakennarafræðum vor 2021.
- Nemi í B.Ed. í leikskólakennarafræðum.
- Nemi í M.Ed. í stjórnun menntastofnana

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Vesturborgar við Melaskóla er í sífelldri þróun en fundir til þess að þróa það áfram hafa legið niðri í ár.

Framkvæmd heimsókna:

Elstu börnin fara yfirleitt þrisvar sinnum í heimsókn í Melaskóla, í íþróttatíma, á bókasafnið og heimsókn inn í bekk og svo frístundamiðstöðina. En þetta árið fóru börnin einungis í heimsókn á bókasafnið vegna Covid-19.

Skil milli skólastiga:

Í sambandi við skil milli skólastiga er fundur með kennurum Melaskóla að vori þar sem farið er yfir barnahópin. Ekki hefur verið ákveðið hvort börnin fylli út litla „bók“ og mæta með í fyrsta viðtal eins og var í umræðunni. Í bókinni teikna þau mynd af sér, skrifa nafnið sitt og skráð svör þeirra við nokkrum spurningum s.s. hvað barninu finnst skemmtilegast að gera og í hverju það er duglegast. Auk þess skilum við HLJÓM-2 niðurstöðum allra barnanna í skólann.



8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinnan byggist upp á daglegum samskiptum þegar börnin eru að koma og fara. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti börnunum og að það sé alltaf hægt að ræða við deildarstjóra. Það eru ýmsar upptökur þar sem foreldrar koma í leikskólann t.d. ömmu og mömmukaffi, afa og pabbakaffi, piparkökuskreytingar, sýningar, sumarhátíð og tiltektardagur að vori þar sem foreldrar mæta og taka til hendinni í garðinum og stinga upp grænmetisbeðið með starfsfólki og börnum. Í ár hefur þó þátttaka foreldra verið nánast engin vegna Covid-19 faraldursins. Foreldrar hafa lítið fengið að koma inn í leikskólann og þá einungis til að stoppa stutta stund.

Foreldraráð: 2 fulltrúar. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og skólanámskrá. Kosið að hausti. Í ár héldu allir í foreldraráði áfram.

Foreldrafundir: Engir foreldrafundir voru haldnir í haust eins og venja er.

Foreldrasamtöl: Foreldrasamtöl eru venjulega tvisvar eitt að hausti og eitt að vori. Í ár voru bara tekin foreldrasamtöl að hausti. Samtölin voru flest tekin í síma en nokkrir mættu í viðtal í leikskólann.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

10.september 2021

22.október 2021 (vetrarleyfi í grunnskólum)

10.desember 2021

7.febrúar 2022 (sameiginlegur starfsdagur í leikskólum)

14.mars 2022 - (sameiginlegur starfsdagur)

22.apríl 2022 -Farið í námsferð erlendis

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

**Starfsáætlun 2021 – 2022
Leikskólinn Vesturborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Anna Friðrikka Jónsdóttir
Hjalti Snær Ægisson**



Umsögn foreldraráðs:

Starfið á Vesturborg hefur gengið sinn vanagang á liðnum vetri. Ýmsar áskoranir hafa fylgt heimsfaraldri COVID-19 og þeim samkomutakmörkunum sem voru í gildi mestallan veturinn, en ástandið hefur þó verið mun viðráðanlegra en veturinn þar á undan. Öllum viðburðum sem innifela foreldrasamvinnu hefur verið aflýst, íþróttastarfið hefur legið niðri að mestu og ýmiss konar dagamunur á borð við skólaheimsóknir og ferðalög hefur sömuleiðis verið mjög takmarkaður. Sjálf grunnþjónustan hefur hins vegar haldist nær óskert og er það ákaflega mikilvægt. Nokkur dæmi voru um tilmæli frá leikskólustjóra um að foreldrar kæmu fyrr að sækja börn sín ef mögulegt væri vegna fjarvista starfsfólks, m.a. vegna veikinda og sóttkvíar. Að öðru leyti skertist leikskólaþjónustan einungis um tvo hálfra starfsdaga, annars vegar 25. mars, þegar haldinn var skipulagsfundur starfsfólks vegna nýrrar reglugerðar um takmarkanir á skólastarfi sem þá tók gildi, og hins vegar 6. maí, daginn eftir að starfsfólkið fékk bóluefni, en þá var leikskólanum lokað kl. 14:00 vegna manneklu. Þetta verður að teljast mjög góður árangur hjá stjórn og starfsfólki leikskólans við krefjandi aðstæður þar sem fyrirsjáanleikinn er sáralítill.

Umbótaáætlun leikskólans er áhugaverð og lofar góðu. Það er ánægjulegt að sjá að ábending foreldraráðs í umsögn um síðustu starfsáætlun hefur verið tekin til greina og nú er fjölmennin komin inn sem lykilatriði í innra mati. Það er afar mikilvægt fyrir þá nemendur sem eiga ættir að rekja út fyrir landsteinana að vita að kennararnir séu áhugasamir um menningu þeirra og bakgrunn, tungumál, trúarbrögð og venjur sem eru ólík því sem almennt tíðkast hjá þeim nemendum sem eiga báða foreldra íslenska. Það er vissulega áskorun fyrir kennara að tryggja að allir nemendur eigi sinn sameiginlega vettvang og að gæta þess að nemendur sem eru af erlendu bergi brotnir einangrist ekki frá þeim íslenskumælandi. Í tilviki þeirra barna sem heyra enga íslensku heima hjá sér hefur starfsfólk leikskólans afar mikilvægu hlutverki að gegna við máltökuna. En fjölmenningarfræðsla er ekki eingöngu stuðningur við nemendur af erlendum uppruna, heldur felast í henni ótal tækifæri fyrir íslenska nemendur til að auka þroska, vísýni og félagshæfni. Ákvæðið um agastefnu er einnig mjög áhugavert og gott til þess að vita að leikskólinn hefur metnað til þess að viðhafa samræmd vinnubrögð varðandi erfiða hegðun nemenda.

Starfsfólkið á Vesturborg á hrós skilið fyrir úrræðasemi og dugnað í sínu starfi. Léttleiki og gleði ráða ríkjum þegar börnin koma á leikskólann á morgnana og fara heim síðdegis og flest bendir til þess að þannig sé það líka yfir daginn. Einhverjar mannabreytingar hafa orðið á liðnum vetri en miðað við það sem þekkest á ýmsum öðrum stöðum hefur starfsmannaveltan þó verið óveruleg. Þetta bendir vonandi til þess að kennurunum líði vel í sínu starfi, sem er jú nauðsynleg forsenda þess að börnunum geti liðið vel líka.



